

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
nefnasvid@althingi.is

Dags. 21. maí 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2024-0142

Með erindi dags. 15. maí sl. óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu þingsályktunar um stefnu stjórnvalda og uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál, og um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp til laga um „breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku)“ sem sett er fram í þingskjali 1339 — máli 900, né við tillögu til þingsályktunar „um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi“ sem sett er fram í þingskjali 1338 — máli 899.


Veðurstofa Íslands vill engu að síður koma á framfæri áhyggjum sínum varðandi langvarandi niðurskurð á fjármagni til vöktunar á þeim náttúruauðlindum sem fjallað er um í verndar- og orkunýtingaráætlun, þ.e. vatns-, vind- og jarðhitauðlindunum. Slík gögn eru undirstaða allra ákvarðana um nýtingu og verndun auðlindanna.

Hvað vindorku varðar, þá er nauðsynlegt að aðgangur að gæðavottuðum gögnum sem safnað er vegna mögulegrar nýtingar verði tryggður til framtíðar fyrir skilgreint grunnkerfi veðurmælinga á og við Ísland. Veðurmælakerfið hefur átt undir högg að sækja síðastliðin ár vegna niðurskurðar, auk þess sem orkufyrirtækin og Landsnet hafa dregið saman í mælingum á hálendinu. Á sama tíma eru sífellt ríkari kröfur gerðar um þekkingu og heildstæða yfirsýn yfir vindauðlindina.

Nauðsynlegt er að auka fjármagn til vindmælinga og líkangerðar vindauðlindarinnar. Vindatlas hefur verið unninn fyrir landið (<https://vindatlas.vedur.is/>) og hefur nýst mjög vel inn í mat á náttúruvá og vindauðlindinni. Hann þarfnast hins vegar verulegrar uppfærslu með nýjum háupplausnargögnum, nýjum afurðum og betra aðgengi. Sömu leiðis þyrfti hann að ná til hafsvæða umhverfis landið. Einnig er æskilegt að bæta við staðbundnum vindmælingum á líklegum nýtingarsvæðum á landi sem hafi, og þá einnig í háum möstrum þar sem því verður við komið.

Virðingarfyllst,

fh. Veðurstofu Íslands



Hrafnhildur Valdimarsdóttir